

Fyrir breytingar á samþykktu deiliskipulagi: Viðkomandi hagsmunaaðili ber allan kostnað af breytingunum, þó að undanskildum auglýsingarkostnaði. Ljósritun, A2, A3, A4 (skv. kostnaði).

7. gr.

Einingarverð gjaldtöku skv. greinum 4, 5 og 6 í samþykkt þessari breytist í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu sem Hagstofa Íslands reiknar út. Grunnvísitala miðast við október 2003, 287,3 stig.

8. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu greidd innan eins mánaðar frá dagsetningu tilkynningarbréfs bæjaryfirvalda um úthlutun lóðar ef um leigulóð er að ræða en eigi síðar en einum mánuði frá samþykkt byggingarleyfis á einkalóðum og eldri lóðum enda öðlast byggingarleyfið ekki gildi án greiðslu þessara gjalda. Veittur er greiðslufrestur á hluta þessara gjalda skv. sérstakri samþykkt sem bæjarstjórn setur.

9. gr.

Gjöld samkvæmt 3., 4. og 5. gr. gjaldskrár þessarar skulu endurgreidd ef lóðarhafi skilar úthlutaðri lóð eða ef lóðarúthlutun er afturkölluð. Endurgreiðslunni er heimilt að fresta þar til lóð hefur verið úthlutað að nýju og en þó ekki lengur en í sex mánuði. Gjöld þessi skulu endurgreidd á nafnveðri án verðbóta og vaxta og skuldaviðurkenningar skulu ógiltar á sannanlegan hátt.

10. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar skv. lögum nr. 17 frá 21. mars 1996 og öðlast gildi þegar í stað.

Samþykkt af bæjarstjórn Árborgar, 8. október 2003.

Einar Guðni Njálsson bæjarstjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Austur-Héraði.

Deiliskipulag Selbrekku, 1. áfangi, neðra svæði.

Bæjarstjórn Austur-Héraðs hefur þann 23. júlí 2003 samþykkt deiliskipulag fyrir íbúðasvæði í Selbrekku á Egilsstöðum, neðra svæði, 1. áfangi. Á svæðinu eru íbúðagöturnar Skógarsel, Brekkusel og Hjallasel, samtals 35 íbúðarlóðir.

Ofangreint deiliskipulag hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir og öðlast þegar gildi.

Egilsstöðum, 20. október 2003.

Þórhallur Pálsson skipulagsfulltrúi.